



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. maí 2020

Tilvísun ÞÍ: 2020050039/2.0

Tilvísun sendanda: 715. mál

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu landeigna

Þjóðskrár Íslands vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar dags. 30. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Þjóðskrár Íslands vegna frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna, 715. mál.

Frumvarpsdrög voru fyrst birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 13. febrúar sl. Veitti Þjóðskrár Íslands umsögn sína dags. 27. febrúar sl. Ítrekar stofnunin það sem fram kom í þeirri umsögn.

Þjóðskrár Íslands fagnar þessu frumvarpi og þeim tillögum sem lagðar eru til breytinga á lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með 4. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpsgreininni er að finna ákvæði um landeignaskrá sem er hluti af fasteignaskrá sem Þjóðskrár Íslands heldur. Landeignaskrá felur í sér heildstætt skráningar- og upplýsingakerfi sem geymir upplýsingar m.a. um eignarmörk og sækir upplýsingar um eignarhald lands samkvæmt þinglýstum heimildum á samræmdum kortagrunni. Markmið landeignaskrár er að vera vettvangur fyrir samræmda skráningu á grunnupplýsingum um eignarmörk og tryggja yfirsýn um eignarhald á íslensku landsvæði.

Þjóðskrár Íslands hefur á undanförunum árum unnið að uppbyggingu á slíkri skrá, á grundvelli tiltækra upplýsinga um eignarmörk, m.a. byggt á þinglýstum landamerkjalyfingum, en á þessu stigi hafa um 25% af flatarmáli Íslands verið hnitsett og skráð af hálfu stofnunarinnar, sem nemur um 55% af öllum fasteignum á Íslandi. Hins vegar hefur skort ákvæði í lög nr. 6/2001 um landeignaskrá en Þjóðskrár Íslands telur nauðsynlegt að festa slík ákvæði í sessi. Núverandi skráning byggir á gögnum sem eru misjöfn af gæðum af þeim ástæðum að verklag skráningar er hvorki bundið í lög né stjórnvaldsfyrirmæli. Tilgangur frumvarpsgreinarinnar er að bæta úr því og lögfesta sérstakt ákvæði um landeignaskrá í lög nr. 6/2001 þannig að tryggt verði að skráin muni þjóna þeim tilgangi sem að er stefnt. Um leið er ætlunin að greiða fyrir því að yfirstandandi vinnu Þjóðskrár Íslands við skráningu á íslensku landsvæði og færslu þeirra upplýsinga í heildstæða landeignaskrá verði lokið eins skjótt og auðið er.



Þjóðskrár Íslands vill benda á mikilvægi eftirfarandi þátta:

- að til sé samræmdur loftmyndagrunnur af öllu Íslandi í fullnægjandi gæðum
- að til sé hæðarlíkan af öllu landinu í tilsvarende gæðum
- að gert verði áttak í að koma öllum landamerkjabókum á rafrænt form og gera þær þannig aðgengilegar almenningi sem og skráningaraðilum
- að gert verði áttak í skráningu eignamarka til þess að betri yfirsýn fáiast um eignarhald
- að gert verði áttak í endurskoðun á mati á landi þannig að það verði gagnsætt, samræmt og endurspegli betur markaðsvirði lands frá því sem nú er
- að flýtt verði eins og kostur er útgáfu reglugerða sem mælt er til um í 4. gr. frumvarpsins.

Þjóðskrár Íslands vekur athygli á 8. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir nýrri 10. gr. b. Þegar frumvarpið var til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda vakti stofnunin athygli á því að í 4. mgr. þess ákvæðis segir að ríkisskattstjóri skuli vinna úr og miðla upplýsingum sem berast stofnuninni á grundvelli þessa ákvæðis til ráðherra og Þjóðskrár Íslands. Lagði stofnunin í því sambandi til að ákvæðinu yrð breytt á þá leið að Þjóðskrár Íslands væri ekki nefnd sem viðtökuaðili. Af frumvarpinu má ráða að tekið hefur verið tillit til athugasemda stofnunarinnar en hins vegar virðist hafa láðst að taka út Þjóðskrár Íslands í skýringum við frumvarpið.

Þjóðskrár Íslands vill áréttta að skráning lands í landeignaskrá og þróun hennar mun hafa í för með sér kostnað fyrir Þjóðskrár Íslands sem mæta þarf úr ríkissjóði. Fyrir liggur kostnaðarmat Þjóðskrár Íslands og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Um er að ræða kostnað sem áætlað er að nemi 240 m.kr. á árunum 2020-2022 en hefja verður vinnuna 2020 miðað við gildistökuákvæði frumvarpsins. Um er að ræða kerfisgerð landeignaskrár þar sem gert er ráð fyrir stofnkostnaði upp á 80 m.kr., áttaki í skráningu jarða þar sem gert er ráð fyrir aðkeyptri vinnu fyrir um 20 m.kr. og áttaki í skráningu jarða þar sem er gert ráð fyrir 10 ársverkum fyrir um 140 m.kr. Með vísan til gildistökuákvæðis frumvarpsins er forsenda þess að vinna við kerfisgerð landeignaskrár og áttaksvinna við skráningu jarða geti hafist að fjármunir fáiast strax á árinu 2020.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Indriði Björn Ármannsson
lögfræðingur